

Borgarfjarðarbrúin

Fundur haldinn í Laugargerðisskóla 7. janúar 2009

Mættir voru: Hilmar Már Arnason, formaður bakhópsins, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, Áspór Ragnarsson, Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Halla Guðmundsdóttir, Lilja Sesselja Ólafsdóttir og Gunnhildur Harðardóttir, verkefnisstjóri. Auk þess Ingvar Sigurgeirsson rýnir verkefnisins.

Dagskrá:

1. Staða verkefnisins:
 - Fréttir af fundi stýrihóps
 - Fjárhagsmálin
 - Vinna í faghópunum
2. Vinnuþáttur Varmalandsskóla
3. Staðan í skólunum
4. Skipulag 2. febrúar
5. Önnur mál

1. Staða verkefnisins:

Formaður gerir grein fyrir fundi sem haldinn var með stýrihóp 5. desember 2008.

- Formaður stýrihóps greinir frá fjármálahluta verkefnisins. Unnt verður að halda verkefninu áfram árið 2009. Enn á eftir að greiða fyrir vinnu 2008. Rætt um aðkomu sveitarfélagsins að verkefninu. Umsýsla fjármála verkefnisins alfarið komin á hendur Menntaskólans þar sem erfiðlega gekk að nálgast upplýsingar og gögn frá Ráðhúsinu. Fræðslunefnd hefur rætt um að sveitarfélagið hætti í verkefninu en þær upplýsingar hafa hvorki borist bakhóp né stýrihóp. Umræða fræðslunefndar vekur undrun þar sem farið var út í verkefnið að undirlagi Borgarbyggðar. Starfsmenn Menntamálaráðuneytisins lögðu til á fundi stýrihóps að þungi verkefnisins hvíldi á þeim hluta sem snýr af skilum milli skólastiganna.
- Faghópar hafa hafið vinnu við að raða námsefni og markmiðum niður á 8. – 13. bekk. Misskilnings virðist gæta innan hópanna um hvernig

skuli staðið að verki. Hilmar leggur fram vinnuþlagg sem líffræðihópurinn hefur gert.

2. Vinnuþlagg Varmalandsskóla:

Ingibjörg leggur fram skjal um verklagsreglur vegna nemenda sem eru á báðum skólastigum. Ákveðið að bæta við þlaggið aðkomu námsráðgjafa og grein um inntökuskilyrði framhaldsskóla. Almenn ánægja fundarmanna með þessa vinnu.

3. Staðan í skólunum:

- ✚ Varmaland hefur unnið að verklagsreglum vegna nemenda sem eru á báðum skólastigum.
- ✚ Grunnskólinn í Borgarnesi hefur lagt áherslu á endurskoðun á námsmati, læsi, vinnustundum nemenda og Mentor þar sem unnið hefur verið að því að setja inn markmið í lestri í 1. , 2., og 10. bekk.
- ✚ Laugargerðisskóli hefur þróað vinnustundatíma þar sem nemendur geta unnið að ýmsum verkefnum með kennurum ásamt því að hitta umsjónarkennara sinn í einstaklingsviðtölum. Einnig hefur verið unnið að leiðsagnarmati.

4. Skipulag 2. febrúar:

Ákveðið var að gera breytingar á dagskrá 2. febrúar 2009. Sameiginlegum fundi kennara frestað en faghóparnir hittast kl. 13.00 í Menntaskóla Borgarfjarðar og vinna að sínum verkefnum. Í stað þess verður haldið Málþing 8. og/eða 9. júní sem verður opið öllum.

5. Önnur mál:

Rætt var um:

- ✚ námsmat og nauðsyn þess að skólarnir taki upp notkun portfoliomappa
- ✚ vinnustundir og þau skref sem skólarnir eru nú að stíga í að koma slíkum tímum á
- ✚ fjarnám – hvernig hefur það gengið í vetur- hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að fylgja því eftir – hver er upplifun foreldra/nemenda Menntaskólinn kannaði hug foreldra/nemenda í desember og eru niðurstöður mjög jákvæðar- grunnskólarnir þyrftu að gera slíkt hið sama
- ✚ krílabekki og 11. bekk í grunnskóla/framhaldsskóla- hvernig komum við til móts þá nemendur sem ekki fylgja hefðbundnu námi
- ✚ hlutverk námsráðgjafa í verkefninu- en hann heldur til haga gögnum
- ✚ rætt um vörður og misskilning sem virðist gæta meðal kennara á báðum skólastigum um hugtakið

Fundarritari
Gunnhildur Harðardóttir